

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkurborgar vegna stakra bygginga á opnum svæðum á Hólmsheiði og í austanverðum Úlfarsárdal (OP15 og OP28).

Skipulagsstofnun staðfesti 8. janúar 2026 breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 sem samþykkt var í borgarráði 6. mars 2025.

Í breytingunni felast heimildir um viðbyggingar við eða endurbyggingu stakra húsa á opnum svæðum á Hólmsheiði (OP15) og í austanverðum Úlfarsárdal (OP28). Hámarksbyggingarmagn á lóð eða skika er allt að 180 m² og takmarkast við landskika í einkaeigu og miðast við óbreytta skipan lóða. Undanskildar eru heimildir fyrir uppbyggingu ferðatengds atvinnuhúsnæðis allt að 250 m² sé tekin ákvörðun um heimild fyrir því í deiliskipulagi.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 8. janúar 2026.

F.h. forstjóra,
Guðrún Lára Sveinsdóttir.

B deild - Útgáfudagur: 22. janúar 2026